



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Porlákshöfn, 14. janúar 2022

Framleiðsluaukning Landeldis í Ölfusi - beiðni um umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss um matsáætlun

Sveitarfélagið Ölfus telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun.

Þó vill sveitarfélagið benda á mikilvægt þess er að hreinsisúr í frárennsli sem framkvæmdaraðili lýsir í skýrslu virki sem skyldi og að eftirlit sé haft með virkni, m.a. með sýnatöku í frárennsli. Frárennsli stöðvarinnar er stutt frá ósum Ölfusár og þar fara um þúsundir laxfiska (lax, sjóbirtingur, sjóbleikja) á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildir séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska. Sveitarfélagið telur að ristar/sleppigildir skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennsli stöðvarinnar. Einnig telur sveitarfélagið að lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fóðurafgangar, seyra úr tromlusíu o.s.frv.) skuli ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokuðum gámum/ílátum. Þá leggur sveitarfélagið áherslu á að gönguleið við strandlengju neðan stöðvarinnar sem fram kemur í aðalskipulagi sé haldið opinni og bendir á mikilvægi þess að ljósmengun frá stöðinni verði haldið í lámarki með viðeigandi ljósabúnaði, skermun og öðrum aðgerðum.

Sveitarfélagið Ölfus telur að umsögnin geri vel grein fyrir framkvæmdin og gerir ekki athugasemdir umfram þær ábendingar sem fram koma hér að ofan.

Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að byggingar- og framkvæmdaleyfum og fer með skipulagsvaldið á lóðinni.

Fyrir hönd skipulags og umhverfisnefndar Ölfuss

---

Gunnlaugur Jónasson  
Skipulagsfulltrúi



Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 7. desember 2021  
Tilv. 2021-11-10-2811/2.5

Efni: Varðar matsáætlun vegna framleiðsluaukningar Landeldis ehf. í Ölfusi

Með tölvupósti þann 10. nóvember s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi matsáætlun vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar Landeldis í Ölfusi. Eldisstöð Landeldis ehf. er ekki í næsta nágrenni við þekkt veiðivötn. Ármynni Ölfusár er þar þó ekki langt undan en það vatnakerfi er mikilvægt fyrir laxfiska og miklir veiðihagsmunir þar.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir búnaði og verklagi sem ætlaður er til að koma í veg fyrir að fiskar sleppi til sjávar.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. Fram kemur að fjallað verði um mögulegar smitleiðir inn til stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu, innan hennar og frá stöðinni úr í sitt nánasta umhverfi. Einnig verði fjallaðu um helstu sjúkdóma sem gætu komið upp í umhverfismatsskýrslu.

Fiskistofa telur að nægilega sé tekið tillit til þeirra þátta sem varða villta laxfiskastofna í fram lagðri matsáætlun.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Hafnarfirði, 10.12.2021  
MFRI: 2021-11-0334

### **Efni: Framleiðsluaukning Landeldis í Ölfusi - beiðni um umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 10. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Fram kemur í kaflanum um losun næringarefna í viðtaka að kannað verði hvort Hafrannsóknastofnun hafi gert burðarþolsmat fyrir svæðið. Burðarþolsmat hefur verið framkvæmt fyrir vissa firði á Aust- og Vestfjörðum fyrir sjókvíaeldi að ósk sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Ekki er gert burðarþol í sjó vegna landeldis en vaktanir eiga að halda utan um mengunarmál frá landeldisstöðvum. Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 hafa verið og eru í innleiðingarfasa hér á landi og eiga þau við um losun næringarefna í viðtaka/vatnshlot. Mikilvægt er að við matsvinnu verði tekið tillit til þessara laga. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála hafa verið skilgreind tvö vatnshlot í nágrenni þessarar eldisstöðvar og nærliggjandi eldisstöðva. Þetta eru vatnshlotin Þorlákshöfn að Höfnum (103-1341-C) og Stokkseyri að Þorlákshöfn (104-1383-C) (sjá vatnavefjsá á [www.vatn.is](http://www.vatn.is)). Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála má ástand viðtaka/vatnshlota ekki hnigna vegna starfssemi sem þessarar. Fari það svo að ástand vatnshlots hnignar vegna starfssemi eins og þessarar ber að upphefja ástand þess.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

*Rakel Guðmundsdóttir*

Rakel Guðmundsdóttir

Jón Smári Jónsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Neskaupstaður, 30. nóvember 2021  
Tilvísun: 2111342

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um framleiðsluaukningu Landeldis í Ölfusi


Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 10. nóvember 2021, vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar Landeldis í Ölfusi.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í kafla 7.2 um fráveitu og úrgang kemur fram að gerð verði nánari grein fyrir ráðstöfun dauðfisks í umhverfismatsskýrslu. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á [www.mast.is](http://www.mast.is) (umsókn 1.07).

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim.

Virðingarfyllt,  
f.h. Matvælastofnunar



Andri Snær Þorsteinsson  
Sérfræðingur fiskeldis

Skipulagsstofnun  
b/t Jóns Smára Jónssonar  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. desember 2021

Tilvísun: 202111-0042

SS

la

### Efni: Umsögn um matsáætlun vegna framleiðsluaukningar Landeldis í Ölfusi

Vísað er í bréf dags. 10. nóvember 2021 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar stækkunar og framleiðsluaukningar fiskeldisstöðvar Landeldis ehf. í Ölfusi. Í ágúst 2020 samþykkti Skipulagsstofnun mat Landeldis á umhverfisáhrifum vegna eldis á 3.450 tonna lífmassa á lóðinni og verið er að vinna að umsóknum um starfs- og rekstrarleyfi. Sótt er nú um 9.050 tonna aukningu á lífmassa innan sömu eldisstöðvar og stefnir félagið á að auka framleiðslugetu upp í allt að 22.000 tonn á ári. Ljóst er að fyrirhuguð framleiðsluaukning kallar á aukna vatnstöku og verður hún fyrst og fremst í formi fullsalts jarðsjávar. Áætluð aukin sjótaka er 15.000 l/s og þá samtals 20.000 l/s. Aukin ferskvatnstaka er 200 l/s og þá samtals 700 l/s.

Á iðnaðarsvæðinu vestan við Þorlákshöfn eru í dag starfandi tvær laxeldisstöðvar, þ.e. Laxar fiskeldi ehf. (500 t) og Eldisstöðin Íspór (1800 t laxaseiði) og þá eru fyrirhugaðar á næstu árum framkvæmdir við uppbyggingu á mun stærri fiskeldisstöðvum, eins og Landeldi ehf. (22.000 t) og Geo Salmo (24.000 t).

Í tillögu að matsáætlun um fyrirhugaða stækkun og framleiðsluaukningu fiskeldisstöðvarinnar Landeldis ehf. er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og reksturs fiskeldisins og þeir þættir framkvæmdarinnar sem geta haft áhrif á umhverfið skilgreindir. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum og lögð drög að áætlun um rannsóknir og gagnaöflun.

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er staðsett á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga (60/2013).

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að hún nái yfir flest það sem gera þarf grein fyrir við mat á umhverfisáhrifum

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri um ákveðna þætti í umhverfismatinu:

- Gera þarf grein fyrir lagnaleið heits vatns og rafmagns að eldisstöðinni.
- Gera þarf betur grein fyrir hreinsibúnaði og því magni uppleystra efna sem mögulega sleppa í gegnum hann t.d. vegna hreinsiefna, lyfja- og efnanotkunar í eldisstöðinni, ásamt mögulegum áhrifum þess á lífríki við frárennslisútrás. Í tillögu að matsáætlun er áformuð gagnaöflun á lífríki í fjöru.
- Í tengslum við sóttvarnir á bls. 14 stendur að gerð verði grein fyrir vörnum gegn smitleiðum með meindýrum og vargi, búnaði og gestum stöðvarinnar. Hugtakið vargur er hvergi notað í




lögum um villt dýr eða lögum um umhverfismat og er að mati Náttúrufræðistofnunar merkingarlaust og ætti að gera grein fyrir því hvaða dýr er hér átt við þegar nefnd eru meindýr og vargur.

- Gera þarf grein fyrir efnistöku og efnistökusvæðum í tengslum við framkvæmdina.
- Gera þarf grein fyrir strandrofi og mögulegum hættum á sjávarflóðum.
- Koma þarf fram í hvað miklum mæli framleiðsla eldisstöðvarinnar sé ætluð til útflutnings og áhrif þess á kolefnisspor fyrirtækisins.
- Mikilvægt er að skoðuð verði samlegðaráhrif fiskeldisfyrirtækja innan svæðisins í heild (bæði starfandi og fyrirhugaðar fiskeldisstöðva) þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir frárennsli í sjó og áhrifa vatnstöku á grunnvatnstöðu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍKReykjavík, 16. desember 2021  
Tilvísun: OS2021110041/50.4.3  
Verknúmer: 3051380**Efni: Tillaga að matsáætlun vegna framleiðsluaukningar fiskeldisstöðvar Landeldis ehf. á lóð fyrirtækisins við Laxabraut í Þorlákshöfn í Ölfusi**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 10. nóvember 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna áforma Landeldis um að auka framleiðslu í fiskeldisstöð úr 3.450 í allt að 22.000 tonna framleiðslugetu á lóð fyrirtækisins að Laxabraut 21-25, Þorlákshöfn í Ölfusi, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlöndum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt, er því háð leyfi Orkustofnunar.

Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Þann 22. mars 2021 sótti Landeldi ehf. um nýtingarleyfi til töku á allt að 500 l/s af fersku grunnvatni, 250 l/s af ísöltu grunnvatni (blandlagi) og 5.000 l/s af söltu grunnvatni (jarðsjó). Við meðferð umsóknar komu fram ákveðin atriði varðandi óvissu í aðstreymi grunnvatns að fyrirhuguðu nýtingarsvæði og varðandi áhrif af vatnstöku úr blandlagi fersk og salts grunnvatns sem leiddu til þess að fyrirtækið féll (tímabundið a.m.k.) frá töku úr blandlagi og ákveðið var að áfangaskipta vatnstöku í því skyni að tryggja að nægt aðstreymi væri frá Selvogsstraum, sbr. leyfi Orkustofnunar, dags. 29. nóvember 2021, til töku grunnvatns á tilgreindu svæði að Laxabraut 21, 23 og 25 í Þorlákshöfn, Ölfusi (leyfi OS-2021-L017-01).

Samkvæmt lýsingu í tillögu að matsáætlun er áformað að nýta 20.000 l/s af jarðsjó og 700 l/s af fersku grunnvatni, sem aflað verður úr borholum sem verða boraðar í nágrenni eldisstöðvarinnar. Ekki kemur fram hvar þær borholur eru áformaðar né hvort eða hvernig notkun á vatni verði breytileg yfir árið. Vegna umfjöllunar í tillögunni um magnþörlur grunnvatnstöku bendir Orkustofnun á að um er að ræða tvenns konar viðmið, annars vegar meðalvatnstöku á ári og hins vegar hámarksupptöku hverju sinni. Í nýtingarleyfi Landeldis er þannig heimil meðaltaka fersk grunnvatns allt að 465 l/s (eftir seinni áfanga uppbyggingar) og 4.650 l/s af jarðsjó. Hámarksupptaka er hins vegar 500 og 5.000 l/s.

Athugið, bréf þetta er eingöngu sent rafrænt í tölvupósti, ekki verður sent prententak af því

Almennt er í viðmiðun laga um umhverfismat miðað við meðalvatnstöku (sbr. liði 10.19 og 10.20 í 1. viðauka laganna). Í tilgreindum tölum framkvæmdaraðila er hins vegar gefið upp að núverandi nýting sé 500 og 5.000 l/s, sem er heimil hámarksupptaka. Ekki kemur fram hvort hér sé verið að tala um hámarksupptöku, sbr. mörk nýtingarleyfis, eða meðalupptöku, sbr. viðmið umhverfismatslaga. Orkustofnun telur mikilvægt að við rannsóknir vegna umhverfismats verði skoðuð bæði áætluð meðalupptaka og hámarksupptaka grunnvatns og ljóst sé hvorrar tölunnar verið er að vísa til.

Orkustofnun hefur haft áhyggjur af hratt vaxandi ásókn í Selvogsstraum og hefur m.a. í umsögnum við mat á umhverfisáhrifum fyrri áfanga, í málsmeðferð umsóknar Landeldis um nýtingarleyfi og við ábendingar vegna áforma annarra aðila á sama svæði, vakið athygli á þeirri óvissu sem falin er í túlkun á því almenna mati að Selvogsstraumur flytji 30-33 m<sup>3</sup>/s til sjávar og að grunnvatnið dreifist jafnt um hraunin milli Herðisarvíkur og Þorlákshafnar. Út frá þessari nálgun hefur verið gert ráð fyrir rennsli upp á 1 m<sup>3</sup>/s/km strandlengju á hverju svæði fyrir sig og sú tala síðan notuð til mats á gæfni á fersku grunnvatni á tilgreindum stað á þessu svæði og því gert ráð fyrir nýtingu sem því nemur. Ástæður þess að stofnunin telur hér farið of langt í túlkum eru einkum:

- a) Ekki er líklegt að öllu því ferskvatni sem rennur fram til strandar hverju sinni verði náð til nýtingar. Meðal annars má nefna að einhver hluti fer í myndun blandlags, vatn streymir fram milli borhola, rennsli er ekki jafnt yfir árið og óvíst að þær breytingar séu í samræmi við breytilega nýtingu þar sem það á við. Þá er sennilegt að slík nýting myndi raska jafnvægi milli ferskvatns og undirliggjandi jarðsjávar. Alnýting á fersku grunnvatni er ekki möguleg.
- b) Fyrirliggjandi gögn eru of takmörkuð til að útiloka mögulega staðbundna misleitni á afrennslissvæði Selvogsstraums, t.d. vegna áhrifa frá sprungum og/eða kargalögum.
- c) Engar rannsóknir liggja fyrir á þessari stundu um aðstreymi vatns eða um áhrif fyrirhugaðrar töku vatns á því svæði sem starfsemi er áformuð. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar nýtingar ferskvatnslinsunnar á innbyrðis legu ferskvatnslags, blandlags og jarðsjávar, og þar með seltu.
- d) Telja má nær öruggt, jafnvel þó framangreindar forsendur stæðust að mestu leyti, að slík vatnstaka myndi leiða af sér niðurdrátt út fyrir fyrirhugað nýtingarsvæði. Kanna þarf umfang niðurdráttar og hugsanleg áhrif á framtíðarnýtingu hugsanlegra aðila í nágrenni nýtingarsvæðis liggur ekki fyrir.

Í ljósi þess að þessi sjónarmið stofnunarinnar hafa ítrekað þegar komið fram, og sérstaklega gagnvart framkvæmdaraðila, vekur athygli að sama viðmiðun virðist vera viðhöfð í matsáætlun (bls. 12) og í fyrri áföngum. Engin tilvitnaðra heimilda í matsáætlun (nr. 7, 8, 9) fjallar þannig með sértækum hætti um aðstreymi ferskt grunnvatns á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, né koma fram áform um sértækar rannsóknir þessu tengt sem grundvöll undir frummatsskýrslu.

Orkustofnun telur því, með vísan til framanritaðs, mikilvægt að fyrir liggja rannsóknir og greining á vatnsgæfni fersks grunnvatns á lóð framkvæmdaraðila og mat á áhrifum af nýtingu fyrirhugaðs magns á jafnvægið milli ferska grunnvatnsins og jarðsjávar. Þá hvetur stofnunin framkvæmdaraðila að huga að áformuðum staðsetningum borhola út frá þessum rannsóknum og niðurstöðum þeirra með hliðsjón að aðstreymi grunnvatns og áhrifa af grunnvatnstöku. Af gefnu tilefni bendir stofnunin jafnframt á að það getur verið munur á afmörkun leyfissvæðis skv. auðlindalögum og lóð leyfishafa en það verður að vera tryggt að allar nýtingarholur séu innan leyfissvæðis og að fyrir liggja heimild landeiganda til að nýta vatnið á viðkomandi svæði.



Varðandi umfjöllun um varaafstöðvar (bls. 2) bendir Orkustofnun á að með lögum, nr. 74/2021, um breytingu á raforkulögum, var slakað á kröfum raforkulaga, nr. 65/2003, um leyfi til að reisa og reka varaafstöðvar. Þannig þarf ekki virkjunarleyfi vegna varaafstöðva sem gegna eingöngu því hlutverki að útvega afl til eigin nota vegna bilana, skorts á flutningsgetu, orkuskorts eða annarra þátta, sbr. svo breyttan 4. málslíð 1. mgr. 4. gr. raforkulaga.

Þá bendir stofnunin á að þó að tilgreint sé í tillögu að matsáætlun að óska þurfi eftir virkjunarleyfi Orkustofnunar vegna virkunar affalls er í kafla 4.8 ekkert vikið að því hvaða áform það eru sem kalla á slíkt leyfi. Orkustofnun hefur því ekki upplýsingar til að fjalla um þennan þátt.


Sömuleiðis bendir Orkustofnun á, vegna umfjöllunar um aðra starfsemi á bls. 3 og 14 í tillögu að matsáætlun, að Geo Salmo hefur hafið matsferli varðandi umfangsmikið fiskeldi skammt vestan núverandi leyfissvæðis Landeldis ehf. Telur stofnunin að hafa beri í huga áhrif af og á þá áformaða starfsemi.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tillögu að matsáætlun vegna áforma um allt að 22.000 tonna fiskeldi Landeldis ehf. Framangreindar ábendingar miða að greiningu og framsetningu gagna sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu nýtingarleyfis skv. auðlindalögum, ef af verður.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Með vísan til framangreindra atriða í umsögn þessari getur stofnunin á síðari stigum jafnframt kallað eftir frekari gögnum og/eða upplýsingum frá framkvæmdaraðila þó ekki sé vikið að því í umsögninni. Jafnframt er bent á að samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sjá mál 3 og 4/2019, telst nýtingarleyfi skv. auðlindalögum vera leyfi til framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vegna þessa skal niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir áður en komið getur til útgáfu nýtingarleyfis vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Virðingarfyllst,  
f.h. orkumálastjóra

  
Kristján Geirsson  
verkefnastjóri

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur

**RE: Framleiðsluaukning Landeldis í Ölfusi - beiðni um umsögn**

Til : Jón Smári Jónsson - SLS  
Frá : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>  
CC : Skipulagsstofnun - SLS  
Heiti : RE: Framleiðsluaukning Landeldis í Ölfusi - beiðni um umsögn  
Málsnúmer : 202104039  
Málsaðili : Landeldi  
Skráð dags : 20.12.2021 14:35:42  
Höfundur : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>  
Viðhengi image001.png

Góðan dag.

Með tölvupósti dagsettu þann 10. nóvember s.l. var óskað umsagnar Samgöngustofu um matsáætlun framangreindrar framkvæmdar.

Samgöngustofa hefur ekki sérstakar við framangreinda matsáætlun.

Með kveðju / Best regards,

**Halldór Zoëga**

Deildarstjóri mannvirkjadeildar / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



Ármúli 2 - 108 Reykjavík - Iceland  
Sími / Phone +354 480 6000  
[www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is) - [www.icetra.is](http://www.icetra.is)

Verndum umhverfið, þentum sem minnst

---

**From:** Jón Smári Jónsson - SLS  
**Sent:** 10.11.2021 13:38:22  
**To:** Samgongustofa almennt  
**Subject:** Framleiðsluaukning Landeldis í Ölfusi - beiðni um umsögn

Góðan dag,

Landeldi ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttekin 10. nóvember 2021, skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hér með er óskað eftir að Samgöngustofa gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo

sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 13. desember 2021 á tölvupóstföngin: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Athugið að umsagnarbeiðni þessi er eingöngu send rafrænt.

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is](mailto:Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](http://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

Fyrirvari á tölvupósti / e-mail disclaimer

<https://www.samgongustofa.is/um/um-stofnunina/husnaedi-simi-og-netfang/fyrirvari-vid-tolvupost/>

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2021  
UST202111-132/A.Þ.  
08.12.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsáætlun – Landeldi ehf. í Ölfusi - framleiðsluaukning**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 10. nóvember sl. dags. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin og aukning á umfangi hennar er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin minnir á að málshraðaviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Landeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að stækka og auka framleiðslu í fiskeldisstöð sinni að Laxabraut 21, 23 og 25 vestan við Þorlákshöfn í Ölfusi.

Núgildandi starfsleyfi heimilar eldi á allt að 3.450 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Rekstraraðili ráðgerir að auka framleiðslu þannig að hámarkslífmassi í stöðinni á hverjum tíma verði allt að 12.500 tonn. Framleiðsluaukningunni fylgir að reisa þarf eldisker, stækka þjónustuhús og aðstöðu til slátrunar.

Í umhverfismati frá 2020 fyrir 3.450 tonna hámarkslífmassa voru metin áhrif af vatnstöku á 5.000 l/s af jarðsjó og 500 l/s af ferskvatni. Framleiðsluaukningin sem hér er fjallað um gerir ráð fyrir aukinni vatnstöku eða samtals 20.000 l/s af fullsöltum jarðsjó og 700 l/s af ferskvatni.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Í matsáætlun kemur fram að í mati á umhverfisáhrifum eldissstöðvarinnar verði m.a. könnuð og metin áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti: lífríki í sjó, ám og vötnum, grunnvatn, lífríki fjöru og sjávar, ásýnd, samfélag og samlegðaráhrif vatnstöku og næringarefnalosunar.

Helstu áhrifaþættir framkvæmdar eru skv. matsáætluninni eftirfarandi: eldisfiskur, slysasleppingar og sjúkdómar, vatnstaka, frárennsli, mannvirki, starfsemi á framkvæmda- og rekstrartíma og önnur fiskeldisstarfsemi.

Þeir umhverfisþættir sem rekstraraðili telur að eldisstöðin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á eru eftirfarandi: jarðmyndanir, fuglar, gróðurfar, loftgæði og hljóðvist, fornleifar og náttúruverndarsvæði.

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin mun losa í viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 103-1341-C sem nefnist Stokkseyri að Þorlákshöfn. Stofnunin telur mikilvægt að gerð verði ítarlega grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttáð í umhverfismatsskýrslu. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skal öllu skólþi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Skv. reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta lagi góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi og ástand þeirra má ekki rýrna. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Í matsáætlun kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um heildarnæringarefnalosun stöðvanna sem eru í rekstri á svæðinu og samlegðaráhrif losunar frá þeim á viðtakann. Umhverfisstofnun telur það jákvætt og hvetur rekstraraðila og aðrar fiskeldisstöðvar á svæðinu til að koma upp sameiginlegri vöktun á viðtaka.

### Úrgangur

Rekstraraðili áætlað að fjalla um magn og meðferð dauðfisks og slógs í umhverfismatsskýrslu auk þess að gerð verður grein fyrir möguleikum á nýtingu eða förgun frásíðuð seyrunnar. Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að rekstraraðili hugi að endurnýtingu á fastefni sem fellur til og bendir á leiðbeiningar sem stofnunin hefur sett saman um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi.<sup>1</sup> Stofnunin bendir auk þess á að í júní sl. kom út ný stefna stjórnvalda, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, þar sem stefnt er að því að banna alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs fyrir lok árs 2024.

Fram kemur í matsáætlun að lagðir verði fram útreikningar á næringarefnalosun stöðvarinnar. Umhverfisstofnun minnir á að þeir útreikningar skulu taka mið af heildarframleiðslu á ári og bendir rekstraraðila á að kanna hvort hann sé með réttar formúlur fyrir losunarútreikninga en annars hafa samband við stofnunina.

### Grunnvatn

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Rekstraraðili áformar að dæla upp 20.000 l/s af jarðsjó sem er undir grunnvatnslinsu sem hefur vatnshlotanúmerið 104-290-G og nefnist Selvogsstraumur 3. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun bendir á að hugsanlegt er að sjótaka af slíkri stærðargráðu geti haft

neikvæð áhrif á magnstöðu en magnstaða er mælikvarði á það hversu mikil bein eða óbein áhrif vatnstaka hefur á grunnvatnshlot.

Umhverfisstofnun bendir á að nokkur landeldi eru starfrækt eða fyrirhuguð í námunda við landeldið sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er að samanlögð vatnstaka þessara fyrirtækja er talsverð. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á skýrslu sem unnin var fyrir stofnunina af Veðurstofu Íslands um grunnvatnshlot sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum. Þar kemur m.a. fram að fyrirséð er að grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3 gæti orðið undir álagi.

Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi. Stofnunin minnir á að sjótaka er leyfisskyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunar skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort sjótaka hafi neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu Orkustofnunar.

Vegna samlegðaráhrifa fiskeldisfyrirtækja á svæðinu telur Umhverfisstofnun æskilegt að fyrirtækin sameinist um vöktun á grunnvatni.

### Sérstök vernd


Í matsáætluninni kemur fram að á lóðinni er hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða eldhraun sem rann úr Brennisteinsfjöllum fyrir meira en 4.000 árum.

Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að gerð hafi verið grein fyrir óafturkræfum áhrifum jarðrasks á hraunið í umhverfismati fyrsta fasa framkvæmdarinnar þá sé hér um að ræða töluverða stækkun þar sem ráðgert er að nýta nú óraskað landsvæði. Því telur stofnunin mikilvægt að í umhverfismati verði fjallað um áhrif á jarðmyndanir og mótvægisáðgerðir.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 01.12.21

**Efni: Umsögn Veitna um matsáætlun vegna framleiðsluaukningar Landeldis ehf. í Ölfusi.**

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun frá 12.nóvember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Veitna um matsáætlun vegna stækkunar eldisstöðvar í Þorlákshöfn.

Í matsáætluninni er ekki skilgreind notkun á hitaveitu Landeldi ehf. vegna framleiðsluaukningarinnar. Veitur benda á að um alla aukna notkun á iðnaðarvatni þarf að semja um sérstaklega, þar sem þær geta kallað á auknar fjárfestingar og taka tíma í framkvæmd. Iðnaðarnotkun viku fyrir húshitun og er því mikilvægt að starfsemin geri ráðstafanir með eigið varaafli.

Virðingarfyllt,

Helga Rún Guðmundsdóttir



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 17. janúar 2022  
2201040HS SHJ

**Efni: Landeldi, framleiðsluaukning í Ölfusi - Umsögn um matsáætlun**

Þann 10. nóvember 2021. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðar framleiðsluaukningar Landeldis ehf. að Laxabraut 21, 23 og 25 í Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Landeldi stefnir á að auka eldi á laxfiski um 9.050 tonn, þ.e. úr 3.450 tonna lífmassa í 12.500 tonn. Framleiðsluaukningin kallar á aukna vatnstöku, um 15.000 l/s í formi fullsalts jarðsjávar auk 200 l/s ferskvatnstöku. Jafnframt þarf að reisa ný eldisker, stækka aðstöðu til slátrunar og þjónustuhús innan lóðar. Fyrri áfangi uppbyggingarinnar, þ.e. vegna framleiðslu 3.450 tonna lífmassa, hefur þegar lokið umhverfismati.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við tillöguna sem slíka. Embættið telur að tillagan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í frummatsskýrslu. Embættið áskilur sér hinsvegar rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða, annarra en eldi sjávar- og ferskvatnslífvera og fiskimjölsverksmiðja, starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, landmótun og verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 7. desember 2021  
MÍ202112-0053/ 6.07 / K.M.

## Efni: Framleiðsluaukning Landeldis ehf. í Ölfusi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 10. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Landeldi ehf. rekur fiskeldisstöð á iðnaðarlóð um 1,5 km vestur af þéttbýlinu í Þorlákshöfn. Lóð félagsins er rúm 18 ha að stærð. Hún stendur við Laxabraut 21, 23 og 25 í Ölfusi. Í ágúst 2020 samþykkti Skipulagsstofnun mat Landeldis á umhverfisáhrifum vegna eldis á 3.450 tonna lífmassa á lóðinni. Sótt er um 9.050 tonna aukningu á lífmassa innan sömu eldisstöðvar. Í matsáætlun segir að framkvæmdin feli í sér að eldisvatni í formi fullsalts grunnsjár og fersks grunnvatns verði aflað með jarðborun. Reist verði mannvirki í formi þjónustuhúsa, eldishúsa, eldiskerja, vatnsmiðlunartanka, fódursílóa og súrefnistanka, vatns- og frárenslislagna ásamt lagningu vegaslóða og plana auk bílastæða. Einnig verði sá hluti svæðisins sem ekki snýr að sjó, girtur af þ.e. vestur, norður og austur hluti þess.

Fjallað er um umhverfisþætti í kafla 10.3 í matsáætlun. Þar segir að ekki sé gert ráð fyrir umfjöllun um fornleifar í umhverfismatsskýrslu. Fornleifastofnun Íslands hafi þegar gert könnun á svæðinu og að niðurstaðan hafi verið sú að engar fornleifar hafi verið greinilegar á yfirborði svæðisins.


Árið 2019 kom út skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fiskeldi við Þorlákshöfn: Greinargerð vegna fornleifauttektar innan deiliskipulagsreits Landeldis*. Í skýrslunni kemur fram að tekið hafi verið út um 18 ha svæði fyrirtækisins Landeldis við Laxabraut 21, 23 og 25. Engin merki um fornleifar fundust innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnábyrgð og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Jón Smári Jónsson ([jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
bt. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) [jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is)

Dags. 29.11.2021  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2019-0227  
0.5.1

Með erindi dags. 10. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að matsáætlun um framkvæmd vegna stækkunar og framleiðsluaukningar Landeldis ehf. í Ölfusi um 9.050 tonn.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Fyrir liggur samþykkt Skipulagsstofnunar frá 2020 á mati Landeldis á umhverfisáhrifum vegna eldis á um 3.450 tonna lífmassa. Félagið stefnir á að auka framleiðslugetu sína upp í allt að 22.000 tonn á ári þannig að standandi lífmassi verði nokkuð stöðugur yfir árið eða 12.500 tonn.

Markmiðið fyrirtækisins er að framleiða lax í landkerjum sem umhverfisvottaða og vistvæna vöru í sem mestri sátt við vistkerfi og umhverfið. Í ljósi þessa telur Veðurstofan mikilvægt að gerð sé grein fyrir bæði mögulegri endurnýtingu vatns, sem og áætlaðri hreinsun frárennslis. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar litið er til þess fjölda fiskeldisfyrirtækja sem áætlaður er á svæðinu og þau samlegðaráhrif sem geta valdið álagi á umhverfið.

Samkvæmt tillögu að matsáætlun Landeldis er áætluð sjótaka fyrir heildarframleiðslu fyrirtækisins samtals 20.000 l/s og ferskvatnstaka 700 l/s. Bent er á að ferskvatnstaka sé undir viðmiði um jafnvægisástand ferskvatnslínu Selvogsstraumsins um 1.000 l/s á hvern kílómetra strandlengju samkvæmt skýrslu Vatnaskila *Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar* (Eric M. Myer o.fl. (2018)).

Samkvæmt gögnum úr Nytjavatnsgrunni Orkustofnunar er vatnstaka að jafnaði mest vegna mismunandi framleiðsluferla og samkvæmt þeim mælingum sem eru til staðar tengist umtalsverð vatnstaka fiskeldi (Davið Egilsson o.fl. (2019)). Bent er á að veruleg vatnstaka getur í einhverjum tilvikum orsakað það mikinn niðurdrátt að vatn utan geymisins, sem álitnið er óhentugt til neyslu, berist inn í hann. Í þessu tilfalli getur það raskað seltustigi veitanna og leitt til aukinnar notkunar á ferskvatni ef seltustigi í ísöltum geymum eykst. Grunnvatn á þessu svæði einkennist af því að ferskt grunnvatn liggur ofan á saltvatni, en slíkir veitar afar viðkvæmir fyrir röskun á því jafnvægi sem er til staðar.

Veðurstofan bendir á að í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála fellur grunnvatn á svæðinu undir grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3 (104-290-G) (sjá uppskiptingu vatnshlota inni á [vatnavefsja.vedur.is](http://vatnavefsja.vedur.is)). Tilkynt upptaka úr grunnvatnshlotinu árið 2015 benti ekki til þess að

umtalsvert álag væri vegna vatnstöku á þessu svæði (Davíð Egilson o.fl. (2019, 2020)). Því miður eru gögnin að verða nokkuð gömul. Mikilvægt er að hafa í huga að þessi mynd hefur breyst verulega í ljósi þeirrar aukningar sem þegar hefur orðið og/eða er fyrirhuguð, m.a. vegna fiskeldis á svæðinu.

Á þessu ári liggja fyrir matsáætlanir nýrra verkefna sem nýta munu sama grunnvatnsveiti. Auk stækkunar Landeldis má nefna aukna vatnstöku Icelandic Water Holdings úr Hlíðarendalindum, laxeldi GeoSalmo ehf. og færslu/stækkun vatnveitu sveitarfélagsins. Veðurstofan telur því nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif hinna mismunandi framkvæmda sem nú eru á áætlun.

Ekki verður hjá því komist að benda á megináherslur í skýrslu Vatnaskila (Eric M. Myer o.fl. (2018)). Að beiðni sveitarfélagsins unnu Vatnaskil greiningu á grunnvatnsauðlindinni, annars vegar til að leggja mat á færslu vatnsbóls Þorlákshafnar og hins vegar til að meta áhrif mögulegrar vatnstöku vegna uppbyggingar fiskeldis í nágrenni Þorlákshafnar. Í skýrslunni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar reyndust tiltækar, s.s. vatnafarsgögn, upplýsingar um grunnvatnsvinnslu, mælingar á grunnvatnsstöðu og gögn um seltu vinnsluvatns. Í ljósi þess séu niðurstöður líkansins bundnar töluverðri óvissu og útreikningar þarfnist staðfestingar með öflun gagna. Vísbendingar séu um að frekari vatnsvinnsla á þessu svæði geti leitt af sér aukna seltu í grynri holum og nánast fullsalt vatn í dýpri holum. Fram kemur að fyrirhuguð framtíðaruppbygging muni kalla á aukna vatnspörf, bæði til neyslu og iðnaðarmotkunar og krefst því stækkunar á vatnsveitu sveitarfélagsins samhliða aukinni vatnsvinnslu. Fyrirhuguð aukin vatnsvinnsla á svæðinu, m.a. vegna vatnsveitu Þorlákshafnar og núverandi og nýrra fiskeldisfyrirtækja mun að öllum líkindum valda mikilli áraun á grunnvatnsauðlindina meðfram ströndinni, bæði á fersku og söltu vatni. Skýrsluhöfundar telja að ekki séu forsendur til að stofna til frekari vatnsvinnslu á Hafnarnesi áður en framangreindar staðfestingar liggja fyrir. Við stórauðna nýtingu grunnvatnsauðlindarinnar á svæðinu í kringum Þorlákshöfn í nánustu framtíð sé mikilvægt að auðlindin sé nýtt skynsamlega, á sem sjálfbærastan hátt og með sem minnstum árekstrum mismunandi notenda. Í skýrslunni var tekið mið af þáverandi vatnsnotkun Laxa Fiskeldis ehf., Náttúru Fiskiræktar ehf. og Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf.

Í ljósi ábendinga Vatnaskila telur Veðurstofan mikilvægt er að skoða hvort frekari gagna hafi verið aflað og gerð grein fyrir niðurstöðum slíkrar úttektar fyrir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu. Mikilvægt að skoða möguleg áhrif aukinnar vatnstöku á svæðinu og að ákvarðanir byggji á vel ígrunduðum gögnum með samlegðaráhrif að sjónarmiði.

Veðurstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegt áhrifasvæði og að álagspól svæðisins verði metið. Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðunandi marka, t.d. hvað varðar niðurdrátt og breytingar á seltustigi brunna. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar álag á grunnvatnshlotið er hvað mest, t.d. við lægstu vatnsstöðu þegar veitirinn er hvað viðkvæmastur fyrir álagi. Auk þess að vakta grunnvatnsstöðu álagssvæðisins er jafnframt mikilvægt að meta leitni til lengri tíma, sem og áhrif náttúrulegra breytinga.

Veðurstofan telur mikilvægt að settir séu fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlanir þannig að tryggt sé að ferskvatnsveitirinn sé nýttur með sjálfbærni að leiðarljósi.

#### **Heimildir:**

Davíð Egilson, Jón Guðmundsson, Tinna Þórarinsdóttir & Gerður Stefánsdóttir (2019). Magnstaða grunnvatns. Tillaga um aðferðarfræðilega nálgun. Skýrsla VÍ 2019-012, 61 s.  
[https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI\\_2019\\_012.pdf](https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_012.pdf)

Davíð Egilson, Gerður Stefánsdóttir & Tinna Þórarinsdóttir (2020). Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum. Greinargerð VÍ DE/ofl/2020-02.  
[http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE\\_ofl\\_2020\\_02\\_Grunnvatnshlot%20m%20m%20gulega%20undir%20m%20a%20lagi.pdf](http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%20m%20gulega%20undir%20m%20a%20lagi.pdf)

Eric M. Myer, Hilmar Már Einarsson & Sveinn Óli Pálmarsson (2018). Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar. Líkangerð til mats á færslu vatnsbóls sveitarfélagsins og skipulagi vegna uppbyggingar fiskeldis. Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Skýrsla nr. 18.09. Verkfræðistofan Vatnaskil, Reykjavík, 72 s.

Virðingarfyllt,



Arni Snorrason  
forstjóri VÍ